

Dalabyggð
Bogi Kristinsson
Miðbraut 11
370 Búðardalur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. apríl 2014
Tilvísun: UST20140200238/ksj

Tillaga að deiliskipulagi sorpurðunarsvæðis að Höskuldsstöðum í Dalabyggð.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar er barst 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi sorpurðunarsvæðis í Dalabyggð.

Deiliskipulagssvæðið


Deiliskipulagið gerir ráð fyrir allt að 5 ha urðunarsvæði sem verði nýtt í nokkrum áföngum til urðunar á óvirkum úrgangi og gert er ráð fyrir aðstöðuhúsi. Svæðið hallar til norðvesturs í átt að Laxá og lækur rennur austan svæðisins. Að mati Umhverfisstofnunar skortir upplýsingar um hvernig komið verði í veg fyrir að mengun frá urðunarstaðnum komist í Laxá.


Umhverfisáhrif

Laxá ásamt bökkum er vernduð með hverfisvernd og segir í greinargerð gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins um ána: „Sérstætt landslag og áhugavert útivistarsvæði. Laxá er rómuð laxveiðiá.“ Að mati Umhverfisstofnunar er þar af leiðandi mikilvægt að mengun berist ekki í ána með yfirborðsvatni eða lækjarvatni.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að draga úr sjónrænum áhrifum með gerð mana umhverfis svæðið á starfstíma, og að mati stofnunarinnar er mikilvægt að allar framkvæmdir verði felldar að landi og forðast verði allt óþarfa rask.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun